



Reykjavík 7. apríl 2021

**Umsögn Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands  
um  
Mál 568, tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á samningi  
Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um nýja þýðingu á Samningi SP um réttindi fatlaðs fólks. Sú nýja þýðing sem fylgir þingsályktuninni er vel unnin og er í samræmi við frumtexta samnings.

Það hefur verið áralöng barátta samtaka fatlaðs fólks og fræðafólks innan Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum að viðunandi þýðing samningsins verði unnin. Það er því sérstakt fagnaðarefni að sjá það loks verða að veruleika. Við getum hins vegar ekki setið á okkur að vekja athygli á að þessi þýðing er fimmta útgáfa íslenskrar þýðingar samningsins. Allar fjórar fyrri útgáfur hafa verið óviðunandi, rangar eða villandi – og hafa vikið frá frumtexta samningsins á þann hátt að ekki var við unað.

Loks þegar virkt samráð hefur verið haft við samtök fatlaðs fólks og fræðasamfélagið hefur góð og viðunandi íslensk þýðing litið dagsins ljós. Hefðu stjórnvöld borið gæfu til slíks samráðs í upphafi hefði mátt spara þá orki og tíma sem farið hefur í þras og barátti við að fá viðunandi útgáttu samningsins á íslenskri tungu.

**Vandinn sem eftir stendur er hins vegar sá að nú eru í umferð fjórar mismunandi útgáfur af samningnum og með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu bætist sú fimmta við.** Þetta hefur valdið mikilli óvissu hjá þeim sem hafa viljað kynna sér samninginn því erfitt er fyrir fólk að átta sig á hvaða útgáfa er gild eða best og nothæfust – og hvaða villur beri að varast í þeim mismunandi útgáfum sem eru í umferð. Gera þarf átak í að fjarlægja þessar óviðundani útgáfur en nú eru víða slóðir á netinu og í skjölum sem vísa á þessar eldri og villandi útgáfur.

**Jafnframt er brýnt að ný þýðing samningsins, sem fylgir þessari þingsályktunartillögu, verði merkt rækilega sem endanleg og gild útgáfa, til aðgreiningar frá þeim gölluðu sem þegar eru í umferð. Jafnframt er afar mikilvægt að stjórnvöld takist á hendur kynningarátak um nýju þýðingu og birti aðgengilegar útgáfur hennar s.s. á auðlesnu formi, táknmáli, og hljóðútgáfa fyrir sjónskert fólk (eins og samningurinn sjálfur kveður á um að gert sé).**

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum  
Rannveig Traustadóttir prófessor emerita og forstöðumaður